



Öryggisleiðbeiningar (MSDS)

Samkvæmt reglum Vinnueftirlits ríkisins nr. 602/1999 og tilskipunum 91/155/EEC og 93/112/EEC.

1. Söluheiti efnis eða vörutegundar. Nafn, heimilisfang og sími íslensks framleiðanda, innflytjanda eða seljanda.

Söluheiti vöru: **NATRÍUMMETASILIKAT**

Dreifingaraðili: OLÍUVERZLUN ÍSLANDS hf., Sundagörðum 2, 104 Reykjavík, sími 515 1000

Öryggisleiðbeiningar: EFNAVERND, Suðurlandsbraut 10, 108 Reykjavík, sími 588 8130

Neyðarlínan; sjúkrabifreið, slökkvilið og lögregla: sími 112

Eitrunarupplýsingastöð Landspítala, Fossvogi, Reykjavík: sími 525 1111

2. Samsetning / upplýsingar um innihald.

CAS-nr.:	EB-nr.:	Efnaheiti:	Styrkur %:	Hættuflokkun:
6834-92-0	229-912-9	Dínatríummetasilíkat	-	C H34-37

Varnaðarmerking - sjá lið 15.

Texti hættusetninga - sjá lið 16.

3. Varúðarupplýsingar.

Ætandi. Ertir öndunarfæri.



ÆTANDI

4. Skyndihjálp.

<i>Almennt:</i>	Farið strax úr fötum sem mengast af efninu.
<i>Við innöndun:</i>	Tryggið hreint loft.
<i>Snerting við húð:</i>	Skolið strax með miklu vatni og þvoið síðan með vatni og sápu. Leitð lækni ef erting eða útbrot koma fram.
<i>Snerting við augu:</i>	Skolið vandlega með nægu vatni í nokkrar mínútur með augað vel opið. Leitð lækni.
<i>Við inntöku:</i>	Drekkið mikið af vatni til að þynna efnið. Tryggið hreint loft. Leitð umsvifalaust lækni.
<i>Upplýsingar f. lækna:</i>	-

5. Bruni / aðferðir við að slökkva eld.

Efni/aðferðir: Heppileg slökkviefni eru kolsýra, duft eða vatnsúði. Notið vatnsúða eða alkohol-þolna froðu á stærri elda.

Sérstök hættu: -

6. Efnaleki.

Notið persónuhlífar skv. lið 8 við hreinsunarstörf. Haldið óviðkomandi frá hættusvæðinu. Loftræstið vandlega svæðið þar sem lekinn varð. Látið efnið ekki berast í niðurföll, vatnsfarvegi eða grunnvatn.

Hlutleysið efnið. Notið viðeigandi aðferðir til að ná efninu upp og látið í heppileg og merkt ílát til förgunar; sjá lið 13.

7. Meðhöndlun og geymsla.

Meðhöndlun: Notið persónuhlífar skv. lið 8 við meðhöndlun efnisins. Forðist snertingu við augu og húð. Takmarkið rykmyndun eins og kostur er. Vinnusvæði þarf að vera vel loftræst og búið sérstöku afsogi ef rykmyndun á sér stað við notkun efnisins. Vinnusvæði þarf að rykhreinsa reglulega.

Geymsla: Geymist á þurrum og köldum stað. Geymið ekki hjá matvælum og öðrum neysluvörum, fóðri eða lyfjum.

8. Eftirlit með mengun / persónulegur hlífðarbúnaður.

Tæknilegar aðgerðir: Takmarkið rykmyndun eins og kostur er. Vinnusvæði þarf að vera vel loftræst og búið sérstöku afsogi ef rykmyndun á sér stað við notkun efnisins. Vinnusvæði þarf að rykhreinsa reglulega.

Mengunarmörk: -

Persónuhlífar;

Öndunargrímur: Þar sem mengun er lítil eða unnið er með efnið í stuttan tíma er nægilegt að nota öndunargrímu með viðeigandi síu. Notið ferskloftstæki ef unnið er með efnið í lengri tíma eða ef hætta er á að mengun fari yfir mengunarmörk.

Fyrir augu: Vel lokuð öryggisgleraugu.

Fyrir hendur: Hlífðarhanskar úr PVC.

Fyrir húð: Hlífðarfátnaður eða galli. Skór eða stígvél úr PVC.

Hreinlæti við vinnu: Farið strax úr fötum sem mengast af efninu. Þvoið hendur áður en matast er eða drukkið og eftir vinnu. Neytið ekki matar eða drykkjar eða reykið meðan á notkun stendur.

9. Eðlis- og efnafræðilegir eiginleikar.

Ástand / útlit / lykt: Kornótt / hvítt / einkennandi

Sýrustig (pH): 12,4 við 20°C

Bræðslumark: 72°C

Suðumark: -

Blossamark: -

Hætta á sjálfkveikju: Efnið er ekki eldfimt.

Sprengimörk; neðri - efri: Efnið er ekki sprengifimt.

Eldnærandi eiginleikar: -

Gufuþrýstingur: -

Gufuþéttni: -

Seigja: -

Eðlisþyngd: 900 kg/m³ við 20°C

Leysni: Í vatni; 260 g/l við 25°C

10. Stöðugleiki og hvarfgirni.

Stöðugleiki: -

Aðstæður sem skal forðast: Efnið brotnar niður við yfirhitun.

Efni sem skal varast: Sýrur. Bætið ekki vatni í efnið. Hvarfast við léttmálma með raka og myndun á vetni.

Hættuleg niðurbrotsefni: Ertandi gastegundir og gufur.

11. Eiturfræðilegar upplýsingar.

<i>Almennt:</i>	-
<i>Við innöndun:</i>	-
<i>Snerting við húð:</i>	Ætandi.
<i>Snerting við augu:</i>	Mjög ætandi.
<i>Við inntöku:</i>	Veldur ætingu í munn, hálsi, vélinda og maga. Hætta á að göt myndist á vélinda og maga.
<i>Bráð eiturhrif:</i>	LD50 (inntaka, rottur): 1504 mg/kg
<i>Langtímaáhrif:</i>	Ekki talið valda ofnæmi.

12. Hættur gagnvart umhverfinu.

<i>Almennt:</i>	Látið efnið ekki berast óþynnt/óhlutleyst eða í miklu magni í niðurföll, vatn eða grunnvatn.
<i>Hegðun í umhverfinu:</i>	Efnið hækkar sýrustig vatns og hefur þannig skaðleg áhrif í umhverfinu.
<i>Líffræðileg áhrif:</i>	LC50 (vatnalús): 247 mg/l/96 klst. LC50 (fiskur): 2320 mg/l/96 klst.
<i>Aðrar vistfræðilegar uppl.:</i>	-

13. Förgun.

<i>Förgun vörunnar:</i>	Endurvinnið ef hægt er. Notað efni og skemmt, afgangar og menguð ísogsefni skilist á móttökustöð fyrir spilliefni.
<i>Förgun umbúða:</i>	Menguðum umbúðum skal farga á sama hátt og vörunni sjálfri. Hreinum umbúðum má farga eða endurvinna á sama hátt og almennu sorpi, ef annað kemur ekki fram í reglum.


14. Flutningur.

<i>Flutningur á landi:</i>	ADR/RID flokkur: 8	UN-nr.: 3262	Númer og bókstafur:
	Nafn efnis:	CORROSIVE SOLID, BASIC, INORGANIC, N.O.S. (disodium metasilicate)	
	Varúðarmerki: 8	Hættunr.: 80	Pökkunarflokkur: III
<i>Flutningur á sjó:</i>	IMDG flokkur: 8	UN-nr.: 3262	Pökkunarflokkur: III
	Ems: 8-06	MFAG:	
	Nafn efnis:	CORROSIVE SOLID, BASIC, INORGANIC, N.O.S. (disodium metasilicate)	
	Varúðarmerki: 8		Sjávarmengandi: nei
<i>Flutningur í lofti:</i>	ICAO/IATA flokkur: 8	UN-nr.: 3262	Pökkunarflokkur: III
	Nafn efnis:	CORROSIVE SOLID, BASIC, INORGANIC, N.O.S. (disodium metasilicate)	
	Varúðarmerki: 8		

Vinnueftirlit ríkisins gefur upplýsingar um reglur um flutninga á hættulegum efnum.

15. Upplýsingar um lög, reglugerðir eða reglur sem varða notkun efnisins eða vörutegundarinnar.

Varnaðarmerkingar skv. reglugerð 236/1990 með síðari breytingum og tilskipunum ESB:



Varnaðarmerki: C

Inniheldur: Dínatríummetasilíkat EB-nr.: 229-912-9

H - setningar: H34 Ætandi.

H37 Ertir öndunarfæri.

V - setningar: V24/25 Varist snertingu við húð og augu.

V36/37/39 Notið viðeigandi hlífðarfatnað, hlífðarhanska og hlífðargleraugu / andlitsgrímu.

V45 Leitið umsvifalaust lækni ef slys ber að höndum eða ef lasleika verður vart; sýnið umbúðamerkingarnar ef unnt er.

V13 Má ekki geyma hjá matvælum og öðrum neysluvörum eða fóðri.

(V1/2) GEYMIST Á LÆSTUM STAÐ ÞAR SEM BÖRN NÁ EKKI TIL.

EB-merkimiði.

Íslensk sérlög, reglugerðir eða reglur sem um vöruna gilda:

Reglur nr. 765/2001 um verndun starfsmanna gegn hættu á heilsutjóni af völdum efnafræðilegra skaðvalda á vinnustöðum.

Öryggislok, sem börn geta ekki opnað, á að vera á umbúðum þessarar vöru ef hún er seld á almennum markaði.

16. Aðrar upplýsingar.

Gert þann:: 20-11-02

Dagsetning frumrits: 14-05-02

Breytt þann: -

Breyttir liðir: -

Gert fyrir: OLÍUVERZLUN ÍSLANDS hf., Sundagörðum 2, 104 Reykjavík, sími 515 1000

Unnið af: EFNAVERND, Suðurlandsbraut 10, 108 Reykjavík, sími 588 8130 / FF

Texti hættusetninga sem fram koma í lið 2:

H34 Ætandi.

H37 Ertir öndunarfæri.

Annað: Ofangreindar upplýsingar eru byggðar á þeirri vitneskju sem fyrir liggur um möguleg áhrif efnisins á heilsu, öryggi og umhverfi þegar öryggisleiðbeiningarnar eru gerðar en fela ekki í sér neina ábyrgð á efniseiginleikum. Notkun vörunnar er á ábyrgð notenda.

Þessar öryggisleiðbeiningar eru unnar eftir MSDS frá EPENHUYSEN CHEMIE N.V., 3336 LH Zwijndrecht, Holland.